



Yfirferð skipulagsráðgjafa

Gátlisti fyrir yfirferð skipulagsráðgjafa á aðalskipulagsgögnum áður en þau eru send til skipulagsfulltrúa til samþykktar í nefndum skv. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga.

Hér á eftir eru sett fram þau atriði sem fara þarf yfir áður en aðalskipulagsgögn eru send skipulagsfulltrúa til að tryggja bæði gæði gagna og skilvirkni við afgreiðslu mála.

FORSENDUR

- ✓ Í greinargerð er forsendum sveitarstjórnar lýst fyrir skipulagsbreytingu.
- ✓ Markmið eru sett fram með skýrum hætti.
- ✓ Gerð er grein fyrir samræmi stefnunnar við gildandi landsskipulagsstefnu, færð eru rök fyrir henni ef um ósamræmi er að ræða.
- N/A Skipulagstillaga er í samræmi við svæðisskipulag og strandssvæðisskipulag (ef við á).
- ✓ Skipulagstillaga er í samræmi við meginstefnu gildandi aðalskipulags, færð eru rök fyrir stefnunni ef um ósamræmi er að ræða.
- ✓ Stefna er rökstudd m.a. með vísun í samanburð valkosta og niðurstöðu umhverfismats áætlunarinnar.
- ✓ Gerð er grein fyrir samlegðaráhrifum með öðrum sambærilegum áformum í nágrenninu (ef við á).

STEFNA OG SKIPULAGSÁKVÆÐI

- ✓ Almenn og sértæk skipulagsákvæði eru sett fram með skýrum hætti í greinargerð.
- N/A Skýrt kemur fram hver er heimilaður fjöldi íbúða, heimilað byggingarmagn, hæðir mannvirkja og hámarksfjöldi gistirúma á hverjum landnotkunarreit eftir því sem við á.
- ✓ Sett eru ákvæði um mannvirkjagerð og framkvæmdir innan svæðis eftir því sem við á.
- N/A Gerð er grein fyrir veitum s.s. öflun neysluvatns og fyrirkomulagi fráveitu (ef við á).
- ✓ Tekið er mið af takmörkunum vegna verndarsvæða, t.d. náttúruverndar, minja, vatnsverndar eða hverfisverndar og náttúruvár (ef við á).
- ✓ Verndarsvæði eru afmörkuð með viðeigandi hætti (ef við á).
- N/A Gerð er grein fyrir stöðu deiliskipulags fyrir umrætt svæði (ef við á).



UMHVERFISÁHRIF

- ☒ Gerð er grein fyrir áhrifum stefnunnar á umhverfið.
- ☒ Fjallað er um þá valkosti sem voru valdir til skoðunar í áhrifamati og lýsing á því hvernig matið fór fram.
- ☒ Færð eru rök fyrir þeim valkosti sem settur er fram m.a. með hliðsjón af samræmi við meginstefnu aðalskipulags.
- ☒ Lagðar eru til mótvægisáðgerðir (ef við á) og þær koma fram í skipulagsákvæðum viðkomandi landnotkunarreita.
- ☒ Ef óvissa ríkir um áhrif er settur fyrirvari um þá þætti sem þarf að skoða betur í umhverfismatsskýrslu deiliskipulags eða hvort setja þurfi skilyrði um við útgáfu leyfa.
- ☒ ~~N/A~~ Settur er fyrirvari um matsskyldu framkvæmda (ef við á).

FRAMSETNING GAGNA

- ☒ Heiti skipulagstillögu er lýsandi fyrir staðsetningu og viðfangsefni tillögunnar.
- ☒ Skipulagsuppdráttur sýnir svæðið fyrir og eftir breytingu (á við um breytingar á aðalskipulagi).
- ☐ Breytingar sem sveitarstjórn samþykkti að auglýsingatíma loknum hafa skilað sér inn á endanlegan uppdrátt og/eða í greinargerð (ef við á).
- ☐ Samantekt á breytingum að lokinni auglýsingu kemur fram í greinargerð (ef við á).
- ☒ Eru gögn dagsett; útgáfudagsetning og breytingardagsetning (ef gerðar hafa verið breytingar á gögnum eftir auglýsingu).
- ☒ Settur er fram gildandi uppdráttur með síðari breytingum (ATH ekki skjáskot úr stafrænni aðalskipulagssjá).
- ☒ Réttur mælikvarði er á uppdráttum til samræmis við gildandi aðalskipulag.
- ☒ Skýringar eru á öllum táknum á uppdrætti í samræmi við viðfangsefni tillögu.
- ☒ Rétt er vísað í skipulagslög varðandi málsmeðferð og samþykktir.
- ☒ Rétt er vísað á milli skipulagsgagna og fylgiskjala ef við á.
- ☒ Reitir fyrir upplýsingar um kynningartíma og samþykkt sveitarstjórnar.
- ☒ Reitir fyrir staðfestingu Skipulagsstofnunar, dags. og undirritun.
- ☒ Reitir fyrir dagsetningu birtingar í B- deild Stjórnartíðinda.
- ☒ Gögn ekki merkt sem „Tillaga“.